

Sp.

128. Tillaga til þingsályktunar

[77. mál]

um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkvæmt heimild í lögum nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956, þannig að sú orkuveita verði tilbúin til afnota ekki síðar en haustið 1959.

Greinargerð.

Þegar á árinu 1952 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja, og var um leið ríkisstjórninni heimiluð lántaka í þessu skyni.

Þótt enn hafi eigi mikið úr framkvæmdum orðið, má þess þó geta, að athugun á skilyrðum fyrir lagningu sæstrengs fyrir raforkuveitu þessa milli lands og Eyja hefur farið fram, að sögn með jákvæðum árangri.

Í 10 ára áætlun rafmagnsveitna ríkisins er ráð fyrir því gert, að Vestmannaeyja-veitunni verði komið á á árinu 1960. Það er að vísu að margra manna álitni nokkru lengri biðtími en æskilegt væri fyrir jafnþýðingarmikla framleiðslustöð og Vestmannaeyjar eru að komast í samband við aðalraforkuveitu Suðurlands. En hugsanlegt er, að sú orka Sogsins, sem þegar er virkjuð, næði skammt til að fullnægja orkuþörf Vestmannaeyja eins og er í viðbót við allar aðrar kröfur þess svæðis og fyrir-tækja þar um raforku, sem þegar eru til hennar gerðar.

Nú er talið, að hin nýja Sogsvirkjun, Efra-Sogsvirkjunin, muni taka til starfa seint á árinu 1959, og er þá víst, að þá mun næg orka verða fyrir hendi til þess að fullnægja m. a. raforkuþörf Vestmannaeyja. Mundi þar af leiðandi hagkvæmt fyrir báða aðila, raforkuveituna og Vestmanneyinga, að svo vel væri framkvæmdum komið á veg, þegar Efra-Sogsvirkjun tæki til starfa, að tenging Vestmannaeyja við Sogskerfið gæti þá þegar tafarlaust átt sér stað.

Til þess að það geti orðið, er nauðsynlegt að afla sæstrengsins og leggja hann milli lands og Eyja á næsta ári eða svo og að öðru leyti að koma upp þeim mannvirkjum á landi og í Eyjum, sem nauðsynleg eru í þessu sambandi og tryggt geta tafarlausu tengingu Vestmannaeyja við Sogsvirkjunina, jafnskjótt og Efra-Sogsvirkjunin tekur til starfa.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja 15. nóv. s. l. var þingmanni kjördæmisins og 2. landskjörnum þingmanni falið að flytja nú á Alþingi tillögu þess efnis, að raforkumálaskrifstofunni verði falið að festa kaup á rafstreng (sæstreng) þeim, er með þarf til Sogs-orkuveitu til Vestmannaeyja, með því að ætla má, að nú liggi fyrir hagkvæmt tilboð á slíkum rafstreng hjá raforkumálastjóra.

Fyrir því er þessi tillaga fram borin.